



Hofsstaðaskóla 24. nóvember 2014

## **Heimsóknir brottfluttra nemenda í Hofsstaðaskóla**

Nemendur sem hafa stundað nám við skólann og flutt burt eru boðnir velkomnir í heimsókn í skólann í allt að tvo daga á önn.

Þeir fylgja þá stundaskrá gamla bekkjarins. Þeir fara ekki í sundtíma og skoðað verður hverju sinni í hvaða list- og verkgreinatíma þeir fara. Þeir fá sérverkefni í þeim tímum enda ekki hægt að koma því við að þeir vinni að því sama og aðrir.

Gestirnir koma með nesti að heiman og eiga að vera klæddir eftir veðri.

Þeir þurfa að fara eftir öllum skólareglum og haga sér vel.

Stjórnendur Hofsstaðaskóla